

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

## Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðasprautun

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná til verkstæða í bifreiðasprautun.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

### 2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.
- 2.3 Bifreiðum, sem bíða sprautunar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

### 3. Mengunarvarnir í fráveitu

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á að spartlyrk, olíuleysar og önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengd samþykktu olífugildru.
- 3.3 Ef olífugildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.4 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.

### 4. Mengunarvarnir í útblæstri

- 4.1 Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.
- 4.2 Útblástursloft frá sprautuadstöðu skal leiða í gegnum lakksíur áður en það er leitt út úr húsi.
- 4.3 Hafa skal góða loftræstingu þar sem unnið er með lakk og þynni t.d. við lakkbar. Hindra ber óþarfa uppgufun á þynni og öðrum lífrænum leysiefnum.
- 4.4 Nota skal lokaðan þvottabúnað með þvottaþynni fyrir sprautubyssur og annan búnað.
- 4.5 Þungmálmur og leysiefni í bifreiðalakki eru spilliefni og hættuleg í umhverfi. Leitast skal við lágmarka notkun efna sem innihalda þungmálma og leysiefni.

### 5. Geymsla á olú og olúefnum

- 5.1 Eldsneytistankar og olúlagirnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, m.s.b.

### 6. Spilliefni og annar úrgangur

- 6.1 Lakk- og þynnisleifar eru spilliefni og ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 6.2 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 6.3 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.